

Alþingi
Erindi nr. P 130/1082
komudagur 24.2.2004

Fljótshreppi 23.02.2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar Alþingis/ Sigrúnar Brynju Einarsd.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fljótshreppi 7505 barst þann 10.02 til umsagnar tillaga að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun 2004-2008 er gert ráð fyrir að Vatnajökulspjóðgarður verði stofnaður, ennfremur verði unnið að verndun svæða sem tengist honum.

Innan þeirra marka, verði unnið út frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir yrðu Eyjabakkar, sem eru í Fljótshreppi og Vesturðræfi þar sem eru afréttarnot Fljótshreppa.
Af hálfu Fljótshrepps er lögð áhersla á að hefðbundin not svæðanna haldi sér án takmarkana af neinu tagi, nema um þær breytingar sé full samstaða viðkomandi aðila.

Einnig er þess vænst að fullt samráð verði haft við landeigendur, sveitarfélög og hagsmunaaðila við endanlega skilgreiningu hugsanlegs þjóðgarðs varðandi stjórnskipulag og reglur.
Þá er ekki síður mikilvægt að við stofnun þjóðgarðsins liggja fyrir fjármögnun hvað varðar stofnun og rekstur hans.

Í tillögunni kemur fram að eitt af þeim þremur stóru verkefnum sem vinna á að á tímabilinu sé stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og friðlýsing svæða sem tengist honum.

Vísað er til þess að skipaðar hafi verið nefndir til að vinna að framgangi áðurnefndra mála. Það hlýtur að teljast mjög mikilvægt að vinna nefndanna verði samræmd þar sem um heildstætt svæði að ræða.


Sveitarstjórn Fljótshrepps vill að öðru leyti vísa til annarra umsagna sem hún hefur gefið og tengjast landsvæðunum, en einnig koma á framfæri ánægju sinni með það að áhersla hefur verið lögð á samráð og samstarf um skipan þessara mála af þeim aðilum sem að þeim hafa unnið.

Þrátt fyrir að með tillögunni sé skref tekið í átt að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og verndarsvæða tengdum honum, eru eftir mjög mikilsverðar ákvarðanir sem áriðandi er að samstaða náist um s.s. um stjórnskipulag og ákvarðanatöku um hvar eigi að vera aðgengi að þjóðgarðinum.

Sveitarstjórn styður hugmyndir um að Skriðuklaustur, sem skilgreindur er sem jaðarmiðstöð á Svæðaskipulagi Miðhálandisins verði aðsetur þjóðgarðsvarðar og þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn og tengd verndarsvæði.

Bent er á ákjósanlega legu staðarins, auk þess sem ætla megi að auðvelt reynist að tengja slíka starfsemi því sem fyrir er á staðnum, þannig að það styðji hvort annað.

Við endanlega ákvarðanatöku um stjórnskipulag telur sveitarstjórn mikilvægt að þau sveitarfélög sem hafa þjóðgarð/verndarsvæði innan marka sinna að einhverju leyti fái fulltrúa í stjórnnum viðkomandi svæða.

Virðingarfyllt
f.h. Fljótshrepps,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti

ODDVITI
Fljótshrepps